

3. Gjöld vegna laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna	kr.	7 914.29	
4. Gjöld skv. framfærslulögum, nr. 135 1935 ..	—	2 084.72	
5. Til alþýðutrygginga	—	459 338.53	
8. Til barnaheimila og barnaverndar	—	2 384.75	
12. Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis	—	7 773.20	
14. Til áfengismálaráðunautar	—	200.00	
39. Kostnaður vegna laga nr. 69 1937, um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga	—	703 665.00	
40. Kostnaður vegna framfærslulaga, nr. 52 1940 ..	—	13 200.00	
41. Til sumardvalar barna	—	175 543.71	
			kr. 1 798 598.51

12. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

Eftirlaun og styrktarfé	kr.	7 989.31	—	7 989.31
-------------------------------	-----	----------	---	----------

13. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

1. Verðlagsuppbót	kr.	2 947 806.85	
2. Óviss útgjöld	—	903 551.08	—
			3 851 357.93
		Samtals	kr. 15 390 242.63

Gjört í Reykjavík, 15. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943,
um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 12. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er sjóðfélaginn lét af.

2. gr.

Aftan við 5. málsg. 14. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er hinn látni lét af.

40

15. febr.

3. gr.

Aftan við 17. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Þeir, sem urðu sjóðfélagar 1. júlí 1944, en höfðu eigi keypt sér eða ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, og miðast réttur þeirra þá við allan starfstíma þeirra, enda greiði þeir sjóðnum jafnhá iðgjöld sem þeim hefði horið að greiða samkvæmt lögum nr. 51 1921, ef þeir þá hefðu verið tryggingarskyldir, um allt að 10 ára tíma. Um tilhögun iðgjaldagreiðslu þessarar fer eftir nánari fyrirmælum stjórnar sjóðsins. Ríkissjóður greiðir lífeyrissjóðnum það, sem á kann að vanta, að iðgjöld þessara manna hrökkvi fyrir útgjöldum sjóðsins þeirra vegna. Lífeyrissjóður Íslands endurgreiðir þeim starfsmönnum, sem greiða Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins iðgjöld fyrir liðinn starfstíma samkv. þessari grein, upphæðir þær án vaxta, sem þeir hafa greitt til sjóðsins fyrir sama tímabil.

4. gr.

Á eftir 17. gr. komi ný gr., er verður 18. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

Bætur, sem sjóðfélagi, eftirlifandi maki hans eða börn fá greiddar samkvæmt lögum um alþýðutryggingar, skulu koma til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum þessum.

Gjört í Reykjavík, 15. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

41

15. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 49/1942, um breyting á lögum nr. 75 21. júní 1921, um stimpilgjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „tvöfalt fasteignamat“ í 1. gr. laganna komi: fimmfalt fasteignamat.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.